

# KJARASAMNINGUR

milli Mannvirðing

og

Eflingar – stéttarfélags

## 1. gr. Gildistími og gildissvið

Kjarasamningur þessi gildir frá 1. apríl 2023 til 31. maí 2024. Samningur þessi tekur til félagsmanna Eflingar – stéttarfélags sem starfa hjá Bjargi vistheimili og Efling-stéttarfélag hefur samningsfyrirsvar um.

## 2. gr. Inntak samnings

Um kaup og kjör félagsmanna Eflingar fer eftir kjarasamningi Eflingar við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs sem undirritaður var 26. maí 2008 ásamt síðari breytingum þar með talið síðustu breytingu sem undirrituð var 30. maí 2023 og gildir hann ásamt bókunum og fylgiskjölum nema kveðið sé á um annað í samningi þessum.

## 2. gr. Uppsögn

Ef starfsmanni er sagt upp vegna ástæðna sem rekja má til þess hvernig hann rækir starf sitt eða hegðunar hans að öðru leyti, skal hann fyrst áminntur skriflega og honum gefið tækifæri til að bæta sig áður en til formlegar uppsagnar kemur, nema að um gróft brot sé að ræða.

## 3. gr. Fyrirvari um samþykki

Samningurinn er undirritaður með fyrirvara um samþykki félagsmanna Eflingar í atkvæðagreiðslu. Eflingu ber að tilkynna Mannvirðingu um niðurstöðu atkvæðagreiðslu eigi síðar en kl. 12:00 þann 14. júlí 2023. Telst samningurinn samþykktur hafi ekki verið tilkynnt um annað fyrir þann tíma.

Reykjavík, 29. júní 2023

f.h. Mannvirðing

Kristín Sigurðardóttir

f.h. Eflingar – stéttarfélags

Með fyrirvara um  
samþykki félagsfólks

Solveig Anna Jónsdóttir  
Ragnheiður Ólafsson